

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1419****2021/EES/28/03**

frá 7. október 2020

**um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á askorbínsýru (E 300) og sítrónusýru (E 330) á hvítt grænmeti sem er ætlað til frekari vinnslu (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 <sup>(2)</sup>, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 3) Samkvæmt II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 eru askorbínsýra (E 300) og sítrónusýra (E 330) sem stendur leyfðar til notkunar sem matvælaaukefni í marges konar matvæli.
- 4) Hinn 17. desember 2018 barst framkvæmdastjórninni umsókn um breytingu á skilyrðum fyrir notkun á askorbínsýru (E 300) og sítrónusýru (E 330) í matvælaflokknum 04.1.2 „Skræld, skorin og rifin aldin og grænmeti“ til að leyfa notkun þessara efna á hvítt grænmeti sem er ætlað til frekari vinnslu, þ.m.t. hitameðhöndlun s.s. ristun, gufumeðhöndlun eða glóðarsteiking áður en lokaneytandi neytir þess.
- 5) Þegar hvítt grænmeti er sneitt, skorið, saxað eða skorið í teninga er það móttækilegt fyrir ensímbrúnun (e. *enzymatic browning*) þar eð frumurnar brotna niður og ensím losna úr vefjunum, einkum pólyfenólóxidasar. Hægt er að hafa stjórn á ensímbrúnun með því að dýfa grænmetinu í vatnslausn, sem inniheldur askorbínsýru (E 300) og sítrónusýru (E 330) við hámarksstyrk sem nemur 1%, í nokkrar mínútur. Í umsókninni kemur fram að tillögð notkun þessara aukefna sem andoxunarefni á óunnið grænmeti sem er ætlað til frekari vinnslu, þ.m.t. hitameðhöndlun, fyrir neyslu leiðir til minni matarsóunar með því að auka heildargæði matvælna og geymsluþol meðhöndlaðs grænmetis um allt að fimm daga.
- 6) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) áður en hún uppfærir skrá Sambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar ólíklegt er að uppfærslan, sem um er að ræða, hafi áhrif á heilbrigði manna.
- 7) Hinn 6. maí 2015 birti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit um endurmat, m.a. á öryggi askorbínsýru (E 300) sem matvælaaukefnis. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að notkun askorbínsýru (E 300) sem matvælaaukefnis skapi ekki öryggisvanda við tilgreinda notkun og notkunarmagn og að ekki væri þörf á tölugildum fyrir ásættanlega daglega inntöku fyrir askorbínsýru og sölt hennar. Slík niðurstaða þýðir að efnið skapar mjög lítinn öryggisvanda, að fyrir hendi eru áreiðanlegar upplýsingar um bæði váhrif og eiturrhif og mjög ólíklegt er að efnið hafi skaðleg áhrif á heilbrigði manna í skömmtum sem valda ekki næringaróþjafnvægi hjá dýrum <sup>(3)</sup>.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 326, 8.10.2020, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/2021 frá 19. mars 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjútíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

<sup>(3)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(6), 3697.

- 8) Vísindanefndin um matvæli lagði mat á öryggi sítrónusýru (E 330) árið 1990 og fastsetti ásættanlega daglega inntöku sem „ekki tilgreind“<sup>(4)</sup>. Hugtakið „ekki tilgreint“ merkir að dagleg heildarinntaka viðkomandi efnis, á grundvelli fyrirbyggjandi eiturefnafræðilegra, lífefnafræðilegra og klínískra gagna, sem er tilkomin vegna tilvistar þess frá náttúrunnar hendi og notkun þess sem stendur í matvæli í því magni sem nauðsynlegt er til að ná tilætluðum tæknilegum áhrifum, skapar ekki hættu fyrir heilbrigði. Á meðan beðið er eftir endurmati á sítrónusýru (E 330) samkvæmt áætlun um endurmat á matvælaaukefnum, sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 257/2010<sup>(5)</sup>, telur framkvæmdastjórnin að þetta öryggismat sé áfram gildur grundvöllur fyrir ákvörðun hennar af sömu ástæðum og hún taldi þá, á grundvelli viðmiðananna sem um getur í 5. forsendu þeirrar reglugerðar, að sítrónusýra (E 330) sé lítið áhyggjuefni og að endurmat á henni sé ekki forgangsverkefni.
- 9) Þar eð notkun askorbínsýru (E 300) og sítrónusýru (E 330) sem andoxunarefni á forpakkað hvítt grænmeti sem er ætlað til frekari vinnslu, þ.m.t. hitameðhöndlun, fyrir neyslu er ólíklegt til að hafa áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.
- 10) Því ætti að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. október 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

<sup>(4)</sup> Skýrslur vísindanefndarinnar um matvæli, 25. ritröð, 1991, bls.13 ([https://ec.europa.eu/food/sites/food/files/safety/docs/sci-com\\_scf\\_reports\\_25.pdf](https://ec.europa.eu/food/sites/food/files/safety/docs/sci-com_scf_reports_25.pdf)).

<sup>(5)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 257/2010 frá 25. mars 2010 um að koma á fót áætlun um endurmat á samþykktum aukefnum í matvælum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 um aukefni í matvælum (Stjtíð. ESB. L 80, 26.3.2010, bls. 19).

VIÐAUKI

Ákvæðum E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í stað færslunnar fyrir askorbínsýru (E 300) í matvælaflokki 04.1.2 „Skræld, skorin og rifin aldin og grænmeti“ kemur eftirfarandi:

„E 300	Askorbínsýra	<i>eftir þörfum</i>		Einungis forpökkuð, kæld óunnin aldin og grænmeti, tilbúin til neyslu, forpakkaðar óunnar og flysjaðar kartöflur og forpakkað hvítt grænmeti sem er ætlað til frekari vinnslu, þ.m.t. hitameðhöndlun, fyrir neyslu“
--------	--------------	---------------------	--	---

2) Í stað færslunnar fyrir sítrónusýru (E 330) í matvælaflokki 04.1.2 „Skræld, skorin og rifin aldin og grænmeti“ kemur eftirfarandi:

„E 330	Sítrónusýra	<i>eftir þörfum</i>		Einungis forpökkuð, kæld óunnin aldin og grænmeti, tilbúin til neyslu, forpakkaðar óunnar og flysjaðar kartöflur og forpakkað hvítt grænmeti sem er ætlað til frekari vinnslu, þ.m.t. hitameðhöndlun, fyrir neyslu“
--------	-------------	---------------------	--	---